

PRÓF til viðurkenningar bókara

I. HLUTI

Reikningshald

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Reikningshald I. hluti og er prófið þrískipt: Krossaspurningar (50%)
Skilgreiningar (20%), Smáverkefni (30%).

Prófdagur: SÝNIPRÓF **Kl.:** 15:00 – 18:00

Próftími alls: Prófið er 3 klukkutímar **Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða):** Prófið er 12 blaðsíður þ.m.t. forsíða.

Leyfileg hjálpargögn: Kennitölublað **Fylgiblöð:** *Auð próförk*
Reiknivél af einfaldri gerð.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Krossaspurningar – vægi 50% (90 mín.) – 2,5% fyrir hvern réttan kross
(Merkja skal við aðeins einn möguleika og ekki er dregið niður fyrir rangan kross)

1. Hvert af eftirtöldu fellur undir grunnforsendur reikningsskila?
 - a. Skilgreining rekstrareiningar
 - b. Rekstrarhæfi
 - c. Greiðslugrunnur
 - d. **a og b er rétt.**
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

2. Hvað af eftirtöldu er gert skv. ákvæðum um rekstrargrunni:
 - a. Rekstrarreikningur
 - b. Sjóðstreymi
 - c. Efnahagsreikningur
 - d. **a og c er rétt.**
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

3. Hver væri skýringin á því ef heildarfjárhæð eigna í efnahagsreikningi væri hærri en samanlögð fjárhæð eiginfjár og skulda?
 - a. **Villa er í efnahagsreikningi þar sem debet og kredit verða að stemma.**
 - b. Fyrirtækið á fleiri eignir en fjármögnun þess gefur til kynna.
 - c. Það er hagnaður af rekstrinum.
 - d. Það hefur verið reiknaður tekjuskattur eftir á.
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

4. Í ársbyrjun 2015 námu eignir Micros ehf. 800.000 kr. og skuldirnar námu 300.000 kr. skv. efnahagsreikningi. Eignirnar hækkuðu um 150.000 kr. á árinu 2015 og skuldirnar lækkuðu um 100.000 kr. Hvert verður eigið fé fyrirtækisins í árslok 2015 í efnahagsreikningi m.v. ofangreindar forsendur?

	Eignir	=skuldir	+eigið fé
1. jan	800,000	300,000	500,000
	150,000	(100,000)	
31.des	950,000	200,000	750,000

- a. 650.000
- b. 1.100.000
- c. **750.000**
- d. 550.000
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
5. Hverjum eftirtalinna bókhaldsreikninga er lokað um áramót?
- a. Vörubirgðum
- b. **Viðhaldi tækja**
- c. Viðskiptakröfum
- d. Ógreiddum kostnaði
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
6. Vörubirgðir Redbull ehf. námu kr. 75.000 í upphafi árs 2015. Innkaup ársins 2015 námu kr. 150.000 og kostnaðarverð seldra vara nam kr. 95.000. Hvert var virði vörubirgða í árslok?

Vb 1/1	75,000
V-kaup	150,000
-KSV	(95,000)
vb 31/12	130,000

- a. 135.000 kr.
- b. 20.000 kr.
- c. **130.000 kr.**
- d. 170.000 kr.
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt .

7. Vörubirgðir í upphafi árs að viðbættum nettó vörukaupum ársins eru?
- Ofmetnar vörubirgðir.
 - Vanmetnar vörubirgðir.
 - Kostnaðarverð vara til sölu.**
 - Kostnaðarverð seldra vara.
 - Ekkert af ofangreindu er rétt.
8. Hvað af eftirfarandi viðskiptum myndu hafa áhrif á eigið fé?
- Fasteignakaup með óverðtryggðu skuldabréfi.
 - Arður til hluthafa.**
 - Bifreiðakaup með óverðtryggðu skuldabréfi.
 - Bæði a og c hafa áhrif á eigið fé.
 - Ekkert af ofangreindum er rétt.
9. Verslunarstjóri Office 1 í Skeifunni fékk samþykkt vöruskil til birgja. Varan hafði verið keypt út í reikning, og engin greiðsla verið innt af hendi á vöruskiladegi. Smásöluverð vörunnar var kr. 36.000, en kostnaðarverð hennar var aðeins kr. 15.000. Viðskiptin voru undanþegin virðisaukaskatti. Hver er viðeigandi dagbókarfærsla hjá Office 1?
- | | |
|------------------|----------|
| Viðskiptaskuldir | 36.000 D |
| Vörubirgðir | 36.000 K |
 - | | |
|-------------------------|-----------------|
| Viðskiptaskuldir | 15.000 D |
| Vörubirgðir | 15.000 K |
 - | | |
|------------------|----------|
| Handbært fé | 36.000 D |
| Vörukaup | 15.000 K |
| Viðskiptaskuldir | 21.000 K |
 - | | |
|------------------|----------|
| Vöruskil | 36.000 D |
| Vörukaup | 15.000 K |
| Viðskiptaskuldir | 21.000 K |
 - Ekkert af ofangreindu er rétt.

10. Hversu lengi þarf skuld að vera til staðar í bókhaldi til að flokkast meðal langtímaskulda?

- a. 1 mánuð eða skemur.
- b. 1 mánuð eða lengur.
- c. 1 ár eða skemur.
- d. **1 ár eða lengur.**
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

11. Hvað á við um eftirfarandi færslur á þessum tveimur T-reikningum?

Handbært fé			Skammtímakröfur		
(1)	15.400	1.200	(2)	2.800	1.000
(3)	1.800	1.700	(5)		
(4)	1.000				

- a. Færsla 1 er vörusala upp á 15.400 kr.
- b. Færsla 2 er vörukaup upp á 1.200 kr.
- c. Færsla 3 er vöruskil upp á 1.000 kr.
- d. **Færsla 4 er greiðsla frá viðskiptamönnum upp á 1.000 kr.**
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

12. Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Travel ehf. fyrir árið 2015:

Fasteignir	19.000.000		
Flutningatæki	17.000.000		
Skrifstofuáhöld	550.000		
Vörubirgðir	4.500.000		
Aðrar skammtímakröfur	1.500.000		
Handbært fé	2.800.000		
Hlutfé	2.000.000		
Óráðstafað eigið fé	17.055.000	Vörubirgðir	4,500,000
Skuldir við lánastofnanir	20.095.000	A. Sk.kröfur	1,500,000
Viðskiptaskuldir	4.000.000	Handb. Fé	2,800,000
Aðrar skammtímaskuldir	2.200.000		8,800,000

Hver er heildarfjárhæð veltufjármuna?

- a. **8.800.000**
- b. 6.550.000
- c. 9.350.000
- d. 4.300.000
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

13. (Sömu forsendur og í krossasurningu 12)

Hvert er veltufjórhlutfallið hjá Travel ehf.?

- a. 4,25
- b. 2,98
- c. 1,08
- d. **1,142 8,800/ (1,500+2,200+4,000)**
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

14. Samkvæmt bókhaldi ASSA ehf. á árinu 2015 er fært á bókhaldslykilinn bifreiðar annars vegar bókun á nýjum bíl sem keyptur var 1. janúar fyrir 8 m.kr. og hins vegar sala á eldri bifreið fyrirtækisins samdægurs fyrir 2.6 m.kr. Afskrift hefur verið 10% á ári á bifreiðum og er hrakvirði þeirra 10%. Hver verður afskrifin á árinu 2015, skv. ofangreindu?

Svar: $8.000.000 \times 10\% = 800.000$ kr. $(8.000.000 - 800.000) \times 10\% = 720.000$ kr

- a. 260.000 kr
- b. 486.000 kr.
- c. **720.000 kr.**
- d. 800.000 kr.
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

15. Hvert af eftirtöldu er eðlileg staða á uppsöfnuðum afskriftarreikningi?

- a. Debetstaða meðal gjalda
- b. Kreditstaða meðal gjalda
- c. **Kreditstaða meðal eigna**
- d. Kreditstaða meðal skulda
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

16. Hvert af eftirfarandi er ekki fært á eignir í efnahagsreikningi?

- a. Fasteign
- b. Handbært fé
- c. Viðskiptavild
- d. **Áfallin húsaleiga**
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

17. Verðtryggt lán stóð í 1.000 þús. kr. í árslok 2014. Vísitala þá var 225 stig en var 235 í árslok 2015. Verðbætt fyrsta afborgun af tíu var innt af hendi á miðju ári þegar vísitalan var 230. Hverjar voru gjaldfærðar verðbætur á árinu 2015?

Verðbætur á afb.degi:	
$1.000.000 \times 230/225 - 1.000.000$	
	22,222
Afborgun:	
$1.022.222/10 =$	
	102,222
Staða láns eftir afborgun:	
$1.022.222 - 102.222$	
	920,000
Verðbætur í lok árs:	
$920.000 \times 235/230 - 920.000$	
	20,000
Samtals verðbætur ársins	
	42,222

- a. **42.222 kr.**
- b. 44.444 kr.
- c. 22.222 kr.
- d. 20.000 kr.
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
18. Eftirfarandi upplýsingar er að finna í ársreikningi Aðalbakka ehf. fyrir árið 2015:
- Afskrift fastafjármuna 200.000 kr.
 - Sölutap af seldum vélum 40.000 kr.
 - Verðbætur á spariskírteini 45.000 kr.
 - Gengishagnaður af skuldabréfaeign 12.000 kr.
 - Bein afskrift viðskiptakrafna 10.000 kr.
 - Hagnaður félagsins er 250.000 kr.

Hvaða fjárhæð myndi framlag rekstrar af handbæru fé sýna m.v. ofangreindar forsendur/upplýsingar?

svar... 250.000 kr. + 193.000 kr. = 443.000 kr.

- a. **443.000 kr.**
- b. 113.000 kr.
- c. -113.000 kr.
- d. -443.000 kr.
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

19. Í hvaða hluta ársreiknings eru hreyfingar handbærs fjárs sýndar?

- a. Rekstrarreikningur
- b. Efnahagsreikningur
- c. **Sjóðstreymi**
- d. Eiginfjárfirlit
- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

20. Rekstrarhreyfingar í sjóðstreymi skiptist í eftirfarandi undirkafla?

- a. Rekstrarhreyfingar, fjármálahreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.
- b. Verðbætur, Hreint veltufé og rekstartengda breytingar eigna og skulda.
- c. Rekstrarreikning, fjárfestingarhreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.
- d. Rekstartengdar breytingar eigna og skulda, fjárfestingarhreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.
- e. **Ekkert af ofangreindu er rétt.**

**II. Skilgreiningar – stuttar en hnitmiðaðar útskýringar (5-10 línur) – vægi 20%
(36 mín.)**

a. Útskýrið bókhaldsjöfnuna. 5%

Bókhaldsjafnan sýnir eignir fyrirtækisins og kvaðir sem á því hvíla. Bókhaldsjafnan endurspeglar í raun efnahagsreikninginn og á því alltaf að stemma þ.e. Eignir eiga að vera jafnháar þeim kvöðum sem hvíla á fyrirtækinu. Með kvöðum er annarsvegar átt við skuldir sem eru kvaðir fyrirtækis til að láta eignir af hendi og hinsvegar eigið fé sem endurspeglar þann hluta af eign fyrirtækis sem að fjárfestar eða hluthafar eiga tilkall í.

Skipta má svo eigið fé í hlutafé og óráðstafað eigið fé. Eignir eru á vinstri hlið bókhaldsjöfnunar og er verðmæti sem fyrirtækið ræður yfir og í þeim felst hæfi til að afla tekna í framtíðinni. Skuldir eru á hægri hlið jöfnunar og endurspeglar tilkall lánardrottna í eignir fyrirtækisins. Eigið fé er á hægri hlið jöfnunar og endurspeglar tilkall fjárfesta/hluthafa í eignir fyrirtækisins.

b. Útskýrið tilganginn með bókhaldi. 5%

Mikilvægt er fyrir fyrirtæki að hafa góða reglu á bókhaldinu sínu svo hægt sé að átta sig á stöðu fyrirtækisins. Skilar fyrirtækið hagnaði eða stefnir það í tap? Hve miklir peningar eru handbærir? Eru til nægar vörubirgðir og fl.?

Bókhaldið þarf að vera þannig skipulagt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar með stuttum fyrirvara. Í Bókhaldslögunum kemur fram að bókhaldi skuli haga þannig að það gefi sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag, sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera kunni að krefjast.

c. Útskýrið eignir og hvernig eru þær flokkaðar.

Skilgreining: 3%

Eignir eru verðmæti sem fyrirtæki ræður yfir og hafa orðið til á grundvelli viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Í þessum verðmætum felst hæfi til að afla fyrirtækinu tekna í framtíðinni.

Flokkun 2%

Eignir eru flokkaðir í Fastafjármuni og veltufjármuni

Fastafjármunir:

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir og er viðmiðunin 1 ár eða lengur. Dæmi: Fasteign, bifreið, vélar og tæki, innréttingar ofl.

Veltufjármunir:

Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir og er viðmiðunin 1 ár eða skemur. Dæmi: Handbært fé, birgðir, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur ofl.

- d. Útskýrið tilganginn með afskrift rekstrarfjármuna.

Tilgangur: 5%

Afskriftir er að jafna kostnaðarverði rekstrarfjármunar niður á líftíma (endingartíma) hans með rökréttum og kerfisbundnum hætti. Markmiðið með slíkri kostnaðardreifingu er að jafna viðeigandi gjöldum á móti tekjum, þ.e. jöfnunarreglan í framkvæmd. Afskriftir eru þannig niðurrjöfnun kostnaðar, en ekki mat á verðmæti fjármunar.

Afskriftir eru forsendur þess að hægt sé að nota rekstrargrunn við gerð og framsetningu reikningsskila

III. Nokkur smáverkefni – vægi 30% (54 mín.)

Dæmi 1 - vægi 5% (9 mín.)

Eðli reikningshalds:

Merktu við hvort viðeigandi staðhæfing er rétt (R) eða röng (V)

R Vörur keyptar til endursölu eru kallaðar vörubirgðir

R Efnahagsreikningur er stöðuyfirlit á ákveðnum tímapunkti.

V Fjármögnuð fasteignakaup frá lánastofnun sýnir enga breytingu á eignum.

V Skuldir, eigið fé og tekjur hækka þegar fært er í debet.

V Ef að félag hefur veltufjárhlutfallið 2 og greiðir svo helming skammtímaskulda með veltufjármunum þá mun veltufjárhlutfallið verða 3,5.

Dæmi 2 - vægi 10% (18 mín.)

Virðisaukaskattsuppgjör:

Öll sala og vörukaup hjá versluninni Brothers ehf. eru með 24% virðisaukaskatti. Í júlí og ágúst sl. nam vörusalan kr. 937.000 auk virðisaukaskatts. Vörukaup á sama tímabili námu kr. 601.000 auk virðisaukaskatts. Önnur aðföng námu kr. 261.450 m/vsk á tímabilinu. Vegna endursendra seldra vara á tímabilinu þurfti að bakfæra vörusölu upp á kr. 30.500 m/vsk. Auk þess skilaði Brothers ehf. keyptum vörum fyrir kr. 42.206 m/vsk og bakfærði af vörukaupareikningi.

1. Sýnið þær færslur sem þurfti að gera á VSK-reikninga vegna framgreindra viðskipta. Notið til þess T-reikninga.
2. Gerið VSK-uppgjör fyrir þetta tímabil og sýnið dagbókarfærsluna vegna uppgjorsins við tollstjóra.

Færslur á vsk-reikn:									
Útskattur									
v/sölu júlí-ágúst		224.880	937.000*0,24					Vörusala	
bakfært v/vörusölu	5.903		30.500-24.498					937.000	
uppgjör	218.977							24.597	30.500/1,24
		0							
Innskattur								Vörukaup	
v/vörukaupa júlí-ágúst	144.240		601.000*0,24					601.000	
v/annarra aðfanga júlí-ágúst	50.603		261.450-210.847						
bakfært v/vörukaupa		8.169	42.206-34.037						
uppgjör		186.674						34.037	42.206/1,24
		0							
Uppgjörsreikningur								Önnur aðföng	
útskattur		218.977						210.847	261.450/1,24
innskattur	186.674								
uppgjör við tollstjóra	32.303								
		0							
Dagbókarfæsla:			d	k					
Uppgjörsreikningur		32.303							
Banki				32.303					

Dæmi 3 - vægi 15% (27 mín.)

Dagbókarfærslur

Sýndu dagbókarfærslur fyrir eftirfarandi viðskipti Bravo ehf. á árinu 2015. Stilla skal upp færslum eins og sýnidæmið fyrir neðan og tilgreina hvort lykill er í RR eða EH.			
		<u>Debet</u>	<u>Kredit</u>
	Reikningur (Rekstrarreikningur "RR")	XXX	
	Annar reikningur (Efnahagsreikningur "EH")		XXX
10-Jan	Fyrirtækið var stofnað með hlutafé að andvirði 100.000 kr. sem var allt greitt með peningum.		
	Handbært fé (sjóður/Banki) (EH)	100,000	
	Hlutafé (EH)		100,000
11-Jan	Keypt var lóð fyrir 60.000 kr. Kaupin voru fjármögnuð með útgáfu nýrra hlutabréfa.		
	Lóð (eignir)	60,000	
	Hlutafé		60,000
1-Feb	Tekið er rekstrarlán fyrir 40.000 kr. til vélarkaupa og er hún keypt samdægurs.		
	Vél (eignir)	40,000	
	Langtímalán (skuldir)		40,000
1-Feb	Vörusala undanþegin VSK út í reikning fyrir 70.000 kr.		
	Viðskiptakröfur (Skuldunautar)	70,000	
	Vörusala (tekjur)		70,000
1-Apr	Viðskiptavinir greiddu reikninga upp á 55.000 kr.		
	Handbært fé (sjóður/Banki)	55,000	
	Viðskiptakröfur (Skuldunautar)		55,000
23-May	Reiknaður launakostnaður er 5.000 kr.		
	Laun (gjöld)	5,000	
	Ógr. Laun (skammtímaskuld)		5,000
1-Jun	Greidd voru laun sem reiknuð voru 23. maí að teknu tilliti til fyrirfram greiddra launa sem var 500 kr.		
	Ógr. Laun	5,000	
	Fyrirfram greidd laun (eignir)		500
	Handbært fé (sjóður/Banki)		4,500
1-Sep	Bravo ehf. tók á leigu húsnæði. Húsaleiga kr. 12.000 var greidd fyrirfram.		
	Húsaleiga (gjöld)	12,000	
	Handbært fé (sjóður/Banki)		12,000
31-Dec	Uppgjörsfærsla var gerð vegna fyrirfram greiddrar húsaleigu.		
	Fyrirfram greidd húsaleiga (eignir)	4,000	
	Húsaleiga (gjöld)		4,000